

Fjarnemendur mæta aldrei í skólann en eru þó velkomnir í tíma ef það hentar. Samskipti nemenda og kennara fara að mestu leyti fram í gegnum tölvupóst en nemendur geta þó hringt til að fara yfir stöðuna með kennurum á tilgreindum viðtalstímum.

Námsefni og kröfur í fjarnámi MB eru þær sömu og í dagskóla og því nota fjarnemendur sömu kennslubækur og gögn og aðrir nemendur skólans.



FYRIR HVERJA?



Fjarnám í MB er góður kostur fyrir þá sem ekki geta stundað nám á hefðbundin hátt. Í fjarnámi hafa nemendur aðgang að kennara sínum á ákveðnum tímum í gegnum tölvusamskipti og öllu efni er miðlað á vefumsjónarkerfi. Námstími fjarnáms er sá sami og hjá nemendum dagskóla.

MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

Borgarbraut 54

433 - 7700

www.menntaborg.is

FJARNÁM

Menntaskóli Borgarfjarðar



Fjarnám í MB er góður kostur fyrir þá sem ekki geta stundað nám á hefðbundin hátt. Skilyrði er að hafa aðgang að tölvu, því námið fer að mestu fram með tölvusamskiptum við kennara í gegnum vefumsjónarkefið Moodle.



FJARNÁM Í MB

Í fjarnámi er nauðsynlegt að skipuleggja nám sitt vel og þann tíma sem ætlaður er í námið. Hver námseining er skipulögð af kennara þannig að hann gerir ráð fyrir að nemandinn þurfi 3 daga miðað við 6-8 klukkustunda vinnu til að ljúka henni.



Námsmat - leiðsagnarmat

Námsmat í Menntaskóla Borgarfjarðar er fyrst og fremst leiðsagnarmat en formleg annarpróf í lok anna eru ekki til staðar. Nemendur eru metnir jafnóðum allan námstímann og fá endurgjöf þrisvar sinnum á önn á svokölluðum *Vörðum*. Á vörðum er notast við þriggja stiga skala; **mjög gott - í lagi - ófullnægjandi**, ásamt skriflegum ábendingum frá viðkomandi kennara. Í námsmatinu er notast við flest þekkt mælitæki í skólastarfi, t.d. ígrundun kennarans, munnleg- og skrifleg próf, sjálfsmat og verkefni af ýmsum toga. Lokaeinkunn í hverjum áfanga er í formi tölu á bilinu 1-10 með vísan í námsmarkmið viðkomandi áfanga.



UPPHAF KENNSLU:

Nemendur fá sendar upplýsingar um lykilorð, aðgang að Innu, tölvupósti og Moodle frá skrifstofu skólans.

Viðkomandi kennari sendir í tölvupósti nánari upplýsingar um áfangann og samskipti. Nemendur skrá sig sjálfir í áfangann inn á Moodle.

Fjarnemendur eru í sömu áföngum og staðnemendur. Því hefst kennsla á sama tíma og annað skólastarf. Skóladagatal á vef skólans er hið sama fyrir fjarnema og staðnema.

KENNSLUKERFIÐ - MOODLE:

Í kennslukerfinu (Moodle) eru birtar allar upplýsingar varðandi námið í MB. Nemendur skrá sig inn á kennslukerfið og skrá sig síðan í þá áfanga sem þeir eru með á stundatöflu sinni. Það er nauðsynlegt að nemendur fari daglega inn á kennslukerfið til að fylgjast með verkefnavinnu og fyrirmælum frá kennurum. Í MB er allt námsmat leiðsagnarmat og því þurfa nemendur að skila verkefnum á réttum tíma til að fá þau metin.

PRÓF OG PRÓFAREGLUR:

Ef nemandi er fjarverandi (lögleg forföll; veikindi) þegar próf er lagt fyrir tekur hann prófið næsta kennsludag viðkomandi áfanga. Ef nemandi mætir ekki í næstu kennslustund þá fær hann 0 í einkunn.

Verði nemandi uppvís að því að nota óleyfileg gögn, veita eða þiggja hjálp frá öðrum er honum vísað úr prófi og telst fallinn í viðkomandi prófi.

Nemendur í fjarnámi þurfa að mæta í próf á umsömdum tíma á prófdegi. Nemendur taka próf á viðurkenndum prófstað sem skólinn (MB) samþykkir.